

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, shr. og reglugerð Hitaveitu Brautarholts staðfestri.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir afnot heita vatnsins við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitunefnd fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr árinu.

Þar til hemlar hafa verið settir á, og ef hemlar bila, áætlar hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun og/eða stærð og hitaþörf hússins.

Skylt er húseiganda að tilkynna hitaveitunefnd, ef hann breytir hitakerfi í húsi, sem raskað gæti mælingu um hemil.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir á mánuði:

1. Hemlagjald:

- a) Fyrir hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 800.00
- b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 1 600.00

2. Vatnsgjald kr. 1 200.00 fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.

3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar—mars 1. apríl. Fyrir apríl—júní 1. júlí. Fyrir júlí—sept. 1. október. Fyrir okt.—des. 1. nóvember.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400m³ kr. 200 000.00.

Hús 400—2000 m³ kr. 200 000.00 fyrir 400 m³ og kr. 175.00 á hver rúmm. þar fram yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 480 000 fyrir 2000 m³ og kr. 125.00 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er kr. 30 000.00.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, sem gildir okt.—des. 1978, 240 stig, breytist.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 000.00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi, sem Hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um hækkun gjaldskrár Dýralæknafélags Íslands.

Frá og með 1. febrúar, 1979, hækkar gjaldskrá Dýralæknafélags Íslands um 6,12% vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu 1. desember, 1978.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. janúar 1979.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.